

5. SEPTEMBER
2024

HARPA
ELDBORG

Wagner- veisla

MEÐ ÓLAFI KJARTANI



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Forleikur að þriðja þætti úr Lohengrin 2:30'
Was duftet doch der Flieder úr Die Meistersinger von
Nürnberg 6'
Forleikur að þriðja þætti úr Die Meistersinger von
Nürnberg 6'30
Forleikur að Der fliegende Holländer 11'
Die Frist ist um úr Der fliegende Holländer 11'
Forleikur að Tannhäuser 20'
Wotan's Abschied úr Die Walküre 16'

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1
og verður sjónvarpað að hluta á RÚV þann 2. október 2024**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Wagner-veisla

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5. SEPTEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Ólafur Kjartan Sigurðarson
barítón

Richard Wagner

Forleikur að þriðja þætti úr Lohengrin (1850)

Richard Wagner

Was duftet doch der Flieder úr Die Meistersinger von Nürnberg (1868)

Richard Wagner

Forleikur að þriðja þætti úr Die Meistersinger von Nürnberg (1868)

Richard Wagner

Forleikur að Der fliegende Holländer (1843)

Richard Wagner

Die Frist ist um úr Der fliegende Holländer (1843)

Hlé

Richard Wagner

Forleikur að Tannhäuser (Parísarútgáfan) (1845 / 1861)

Richard Wagner

Wotan's Abschied úr Die Walküre (1870)

For information in English about tonight 's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.

Á síðu 9-12 má finna þýðingar á söngtextum.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020, fyrst kvenna til að gegna þeirri stöðu. Samstarf hennar og SÍ nær allt aftur til ársins 2005 en þá tók hin 23 ára gamla Eva Ollikainen að sér að stjórna hljómsveitinni á framhaldsskólatónleikum í Háskólabíói með nær engum fyrirvara. Á árunum 2007 til 2010 stjórnaði hún nokkrum áskriftartónleikum við frábærar undirtektir og árið 2019 stýrði hún sveitinni á fyrstu tónleikum sínum í Eldborg. Í beinu framhaldi var henni boðin staða aðalhljómsveitarstjóra en núverandi samningur hennar við hljómsveitina nær til ársins 2026.

Eva Ollikainen var ekki nema 12 ára þegar hún hóf að sækja tíma í hljómsveitarstjórn við ungmennadeild Sibelíusarakademíunnar í Helsinki en þar átti hún meðal annars eftir að njóta leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula. Samhliða lagði hún stund á píanónám og útskrifaðist með mastersgráðu 2002. Hún hlaut fyrstu verðlaun í hinni alþjóðlegu Panula-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003, þá 21 árs en ferill hennar hefur byggst markvisst upp allar götur síðan.

Innblásin og fersk túlkun og smitandi ástríða fyrir tónlistinni samhliða yfirburða þekkingu og tækni hefur markað Evu Ollikainen sess sem eftirsóttur hljómsveitarstjóri um víða veröld. Á meðal hljómsveita sem hún hefur starfað með má nefna Fílharmoníusveitir Helsinki, Los Angeles og Stokkhólms, Sinfóníuhljómsveitir Baltimore og Vínarborgar og Metropolitan-sinfóníuhljómsveitina í Tókýó. Hún hefur auk þess haslað sér völl sem stjórnandi óperuflutnings, m.a. við Konunglegu óperuhúsin í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Finnску þjóðaróperuna.



Ólafur Kjartan Sigurðarson

BARÍTÓN

Ólafur Kjartan Sigurðarson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2024/25. Hann stendur nú á hátindi ferils síns og hefur síðustu ár sungið burðarhlutverk í mörgum af virtustu óperuhúsum heims við frábærar undirtektir.

Ólafur Kjartan hefur fest sig í sessi sem Wagnertúlkandi á heimsmælikvarða og preytti árið 2021 frumraun sína á hinni virtu Wagnerhátíð í Bayreuth í Þýskalandi og söng nú í sumar sína fimmtugustu sýningu á hátíðinni. Þar hefur hann túlkað hlutverk Alberich í Niflungahringnum, Biterolf í Tannhäuser og Kurwenal í Tristan og Ísold og hlotið framúrskarandi viðtökur. Árið 2023 preytti hann frumraun sína á fjöllum Konunglega óperuhússins í Covent Garden þar sem hann söng hlutverk Biterolf í Tannhäuser sem og við La Scala óperuna í Milánó þar sem hann fór með hlutverk Balstrode í Peter Grimes í nýrri uppfærslu Robert Carsen undir stjórn Simone Young.

Ólafur Kjartan nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Guðmundi Jónssyni og Ólafi Vigni Albertssyni, síðar við Royal Academy of Music í London og Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow, en þaðan lauk hann meistaraþrófi sumarið 1998. Hann hefur um langa hríð verið einn ástsælasti óperusöngvari þjóðarinnar og komið fram í ótal óperusýningum á vegum Íslensku óperunnar en hann var fastráðinn söngvari við óperuna á árunum 2001-2004 og tók síðar þátt í fjölmörgum uppfærslum á hennar vegum.

Á þessu starfsári eru hlutverk úr óperum Wagners ráðandi hjá Ólafi Kjartani. Hann fer með hlutverk Hollendingins fljúgandi við óperuna í Leipzig og hjá Municipal de Santiago, Chile; hlutverk Telramund í nýrri uppfærslu Katharinu Wagner við Liceu óperuna í Barcelona og hlutverk Alberich í Siegfried í nýrri leikgerð Sir David McVicar á Niflungahringnum við La Scala óperuna undir stjórn Christian Thielemann. Á næstu Wagnerhátíð í Bayreuth sumarið 2025 mun Ólafur Kjartan halda áfram sem Alberich í Niflungahringnum og að auki fara með hlutverk Telramund í Lohengrin undir stjórn Thielemann.



Richard Wagner

Þýska tónskáldið Richard Wagner (1813 – 1883) er á meðal merkustu tónskálda 19. aldarinnar og hafði djúpstæð áhrif á óperusöguna. Í meðförum hans tekur óperuformið róttækum breytingum, hljómsveitin fær síaukið vægi til jafns við söngraddirnar og skilin sem áður voru á milli ólíkra atriða óperunnar, hljóðfærapátta, aría og söngless, taka að leysast upp. Hljóðvefurinn verður þykkari, þanþol tóntegundakerfisins er kannað til hins ýtrasta og tónlistin öðlast nýja vídd með notkun tónskáldsins á leiðarstefjum þar sem tónlistarbrot eða stef tákna persónur, fyrirbæri eða hugmynd. Leiðarstefin, sem fléttast í gegnum tónvefinn, miðla andrúmi, atburðum og sálarástandi og ljá óperum Wagners sterka einingu og sálfræðilega dýpt.

Tónlistin á Íslandi

Aríur og forleikur úr óperum Wagner hafa oft hljómað í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gegnum tíðina.

Hljómsveitin hefur einnig flutt tvær af óperum tónskáldsins í heild sinni: Tannhäuser í tónleikauppfærslu í Háskólabíói árið 1989 og Hollendinginn fljúgandi, fyrst í tónleikauppfærslu í Háskólabíói árið 1985 og aftur árið 2002 þegar óperan var sett upp á Listahátíð í Reykjavík í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsið og Íslensku óperuna. Árið 1994 var sett á svið stytta gerð Niflungarhrings Wagners í Þjóðleikhúsinu í samstarfi sömu aðila.

Sinfóníuhljómsveitin, Íslenska óperan og Listahátíð tóku svo höndum saman um flutning Valkyrjunnar á Listahátíð 2020 en af þeim flutningi varð ekki vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri.

Ólíkt flestum tónskáldum fyrr og síðar skrifaði Wagner sjálfur textann að óperum sínum en yrkisefnin sótti hann að mestu í goðsögur og gömul þjóðsagnaminni. Í forgrunni eru musterisriddarar og mansöngvarar, gyðjur og guðir, söguheimurinn er forn en viðfangsefnin eru eilíf og tímalaus þar sem tekist er á við djúpar tilfinningar og harmræna tilvist hinnar breysku og ófullkomnu manneskju í veröldinni.

Á þessum tónleikum fléttast saman aríur og hljómsveitarforleikur úr nokkrum af mikilfenglegustu óperum Wagners, samdar yfir breitt skeið á ævi tónskáldsins, allt frá Hollendingnum fljúgandi, sem var frumfluttur í Dresden árið 1843 og til Valkyrjunnar úr Niflungahringnum, einu metnaðarfullsta óperustórvirki allra tíma, frumflutt í heild sinni árið 1876 þegar óperuhús Wagners í Bayreuth var vígt.

Tónleikarnir hefjast á glæsilegum forleik úr óperunni **Lohengrin** (frumsýnd í Weimar árið 1850). Í aðalhlutverkum eru Lohengrin, einn af musterisriddurunum og hertogadóttirin Elsa sem hefur verið ranglega ákærð fyrir að hafa myrt bróður sinn, erfingjann að hertogadæminu Brabant. Lohengrin birtist eins og frelsandi engill, biður um hönd Elsu gegn því að hún spyrji hann hvorki að nafni né uppruna. Elsa lofar öllu fögru og í þriðja þætti óperunnar ganga þau í heilagt hjónaband.

Óperunni lýkur með ósköpum. Lohengrin hverfur á braut og Elsa deyr úr harmi þótt hinn glæsilegi **forleikur að þriðja þætti** gefi enga vísbendingu um dapurlegar málalyktir hjónabandsins. Tindrandi strengir, lúðrablástur og málmgjöll ráða ríkjum; þátturinn er fullur af ákefð og orku enda hátíð í bæ á gleðiríkum brúðkaupsdegi. Í ómpýðum millikafla taka tréblásturshljóðfærin og sellóin við um stund áður en fjörið nær yfirhöndinni á ný.

Lohengrin lýkur á harmrænan hátt enda eru flestar óperur Wagners harmleikir. Þar er þó að finna eina mikilvæga undantekningu, **Meistarasöngvarana frá Nürnberg**, sem var frumsýnd 1868 í München. Þessi þriggja þátta gamanópera hafði gerjast lengi með Wagner eða allar götur frá því hann lauk við Tannhäuser árið 1845. Sögusvið óperunnar er Nürnberg um miðja 16. öldina og líkt og í Tannhäuser koma við sögu bæði mansöngvarar og söngvarakeppni. Hér takast á hefðapúkinn Sixtus Beckmesser og hinn víðsýni og vitri skósmiður Hans Sachs en í miðju atburðarásarinnar eru að auki þau Walther og Eva sem felld hafa hugi saman. Til að hljóta hönd Evu þarf Walther að bera sigur úr bítum í söngvarakeppni meistarasöngvaranna en þar ríkja strangar reglur um kórréttan söng sem Walther kann engin skil á. Söngur Walthers er innblásinn af náttúrunni og fuglum himinsins og samræmist ekki mælistikum íhaldssamra meistarasöngvara en undirliggjandi stef Meistarasöngvaranna eru átök á milli hefða og framsækni, stöðnunar og nýjabrums.

Þótt Meistarasöngvarnir sé gamanópera er tónlistin sem hér hljómar djúp og alvarleg. Arián Was duftet doch der Flieder hljómar í öðrum þætti óperunnar. Það húmar að kvöldi, liljublómin anga og Hans Sachs hugleiðir hve fagur og frjáls söngur riddarans Walthers hafi verið, líkt og fuglasöngur í maímánuði. Forleikurinn að þriðja þætti býr svo yfir dáleiddandi fegurð sem vísar jafnvel veginn til sínfónía Gustafs Mahlers en Mahler þekkti Meistarasöngvarana út og inn, stjórnaði óperunni margsinnis og vitnaði á margvíslegan hátt í hana í sjöundu sínfóníu sinni.

Hollendingurinn fljúgandi var frumsýndur í Dresden 1843 en óperan telst jafnan til fyrsta stórvirkis Wagners á óperusviðinu. Þar segir frá sæfaranum afturgengna sem hefur verið dæmdur til að sigla um höfin til eilífðarnóns. Á sjö ára fresti fær hann að stíga í land og freista þess að hitta konu af þessum heimi sem geti frelsað hann undan bölvuninni með trúmennsku sinni og ást. Þar kemur til sögunnar Senta, skipstjóradóttirin sem hefur lengi verið heltekin af hinni áleitnu sögu um Hollendinginn fljúgandi.

Forleikurinn að Hollendingnum fljúgandi er mögnuð tónsmíð þar sem stormar geisa og hafið gnauðar. Hér fléttast saman stef sem tengjast persónum verksins, hið undurblíða stef Sentu og drungalegt stef Hollendingins auk annarra. Hollendingurinn stígur svo fram í öllu sínu veldi í hinni seiðmögnuðu aríu **Die Frist ist um** og grætur örlög sín, að fá ekki að hvíla í gróf, að fá ekki að deyja, er til hryllilegri bölvun en það?

Bölvun og yfirvofandi útskúfun hvílir líka yfir riddaranum og mansöngvaranum **Tannhäuser** sem heldur í pílagrímsför til að leita náðar hjá páfanum í Róm. Hinn tignarlegi pílagrímasöngur hljómar við það tilefni og er einnig meginuppistaðan í **Forleiknum að Tannhäuser**. Kórallinn hljómar fyrst ofurveikt, líkt og hann berist úr fjarska en smátt og smátt vex krafturinn þar til stórbrotin laglínan hljómar í öllu sínu veldi. Skyndilega breytist yfirbragðið, við stígum inn í aðra veröld þar sem ástarbrími Venusar og hirðar hennar ræður ríkjum. Undir lokin tekur óþþýður pílagrímakórinn að óma á ný.

Tónleikunum lýkur með miklum tilfinningarússíbana úr Valkyrjunni sem er önnur óperan af fjórum í stórvirkinu Niflungahringnum. Niðurlag **Valkyrjunnar** þar sem hljómar **Wotan's Abschied** er eitt stórkostlega atriði gervallrar óperusögunnar en hér syngur guðinn Óðinn til sinnar ástkæru eftirlætisdóttur Brynhildar. Hún hefur óhlýðnast föður sínum og hann hefur (í trássi við eigin vilja) svipt hana guðdómleikanum og umbreytt henni í mennska veru sem sefur dásvefni á fjallstindi, umlukin vafurloga. Nístandi sorgin er nánast áþreifanleg í atriðinu og hljómsveitarvefurinn er bæði ævintýrlegur og stórbrotinn þar sem hver hápunkturinn rekur annan. Svo sannarlega viðeigandi endir á mögnuðum tónleikum.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Söngtextar og þýðingar

Was duftet doch der Flieder úr „Die Meistersinger von Nürnberg“

Hans Sachs:

Was duftet doch der Flieder
so mild, so stark und voll! –
Mir löst es weich die Glieder,
will, daß ich was sagen soll.

Was gilt's, was ich dir sagen kann?

Bin gar ein arm einfältig Mann!

Soll mir die Arbeit nicht schmecken,
gäbst, Freund, lieber mich frei:
tät besser, das Leder zu strecken,
und ließ alle Poeterei!

Und doch, 's will halt nicht gehn: –
Ich fühl's und kann's nicht verstehn, –
kann's nicht behalten, – doch auch nicht vergessen:
und faß ich es ganz, kann ich's nicht messen! –

Doch wie wollt ich auch messen,
was unermeßlich mir schien?
Kein' Regel wollt da passen, –
und war doch kein Fehler drin.

Es klang so alt, – und war doch so neu, –
wie Vogelsang im süßen Mai!

Wer ihn hört
und wahnbetört
sänge dem Vogel nach,
dem brächt es Spott und Schmach: –

Lenzes Gebot,
die süße Not,
die legt es ihm in die Brust:
nun sang er, wie er muß,
und wie er muß, so konnt er's,
das merkt ich ganz besonders.

Dem Vogel, der heut sang,
dem war der Schnabel wohl gewachsen;
macht er den Meistern bang,
gar wohl gefiel er doch Hans Sachsen! –

Hve ljúft ilmar yllirinn úr „Meistarasöngvurunum í Nürnberg“

Hans Sachs:

Hve ljúft ilmar yllirinn,
sterkum og mögnuðum ilmi! –
Hann slakar á öllum limum mínum,
vill að ég segi eitthvað.
Hverju skiptir hvað ég get sagt þér?
Ég er bara fátækur einfaldur maður!
Ef vinnan geðjast mér ekki,
þá ættirðu heldur, vinur, að láta mig lausan:
það væri víst betra að strengja leðrið
og láta af öllum skáldskapargrillum!

Og samt, það vill bara ekki hverfa: –
Ég finn það og get ekki skilið það, –
get ekki munað það, – en samt ekki gleymt því:
og náí ég taki á því öllu get ég ekki mælt það! –
En hvernig ætti ég líka að mæla
það sem mér fannst ómælanlegt?
Engin regla vildi henta því, –
og samt var þar engin villa.

Það hljómaði svo fornt, – og var samt svo nýtt,
eins og fuglasöngur í blíðum maímánuði!

Ef einhver heyrði hann
og syngi hugórávinglaður
rétt eins og fuglinn,
hann yrði fyrir háði og spotti: –
Boðorð vorsins,
hin ljúfa nauðsyn,
hún blés honum það í brjóst: –
nú söng hann eins og hann varð að gera,
og eins og hann varð að gera, það gat hann, –
því tók ég sérstaklega eftir.
Fuglinn sem söng í dag
hafði dáindis velvaxið nef;
og hafi hann skotið meisturunum skel í bringu,
þá féll hann Hansi Sachs vel í geð! –

Die Frist ist um Úr „Der fliegende Holländer“

Holländer:

Die Frist ist um, und abermals verstrichen
sind sieben Jahr'. — Voll Überdruß wirft mich
das Meer ans Land ... Ha! Stolz der Ozean!
In kurzer Frist sollst du mich wieder tragen!
Dein Trotz ist beugsam, — doch ewig meine Qual!
— Das Heil, das auf dem Land ich suche, nie
werd ich es finden! — Euch, des Weltmeers Fluten,
bleib' ich getreu, bis eure letzte Welle
sich bricht, und euer letztes Nass versiegt! —
— Wie oft in Meeres tiefsten Schlund
stürzt ich voll Sehnsucht mich hinab: —
doch ach! Den Tod, ich fand ihn nicht!
Da, wo der Schiffe furchtbar Grab,
trieb mein Schiff ich zum Klippengrund: —
doch ach! mein Grab, es schloß sich nicht! —
Verhöhrend droht ich dem Piraten,
in wildem Kampfe hofft ich Tod:
„Hier“ — rief ich — „zeige deine Taten!
Von Schätzen voll ist Schiff und Boot!“ —
Doch ach! des Meer's barbar'scher Sohn
schlägt bang das Kreuz und flieht davon.
Wie oft in Meeres tiefsten Grund
stürzt' ich voll Sehnsucht mich hinab!
Da, wo der Schiffe furchtbar Grab,
trieb mein Schiff ich zum Klippengrund:
Nirgends ein Grab! Niemals der Tod!
Dies der Verdammnis Schreckgebot. —
Dich frage ich, gepries'ner Engel Gottes,
der meines Heils Bedingung mir gewann!
War ich Unsel'ger Spielwerk deines Spottes,
als die Erlösung du mir zeigtest an? —
Vergeb'ne Hoffnung! Furchtbar eitler Wahn!
Um ew'ge Treu auf Erden — ist's getan! —
Nur eine Hoffnung soll mir bleiben,
nur eine unerschütterte Steh'n:
so lang der Erde Keim auch treiben,
so muss sie doch zugrunde gehn.
Tag des Gerichtes! Jüngster Tag!
Wann brichst du an in meine Nacht?
Wann dröhnt er, der Vernichtungs-Schlag,
mit dem die Welt zusammenkracht?
Wann alle Toten auferstehn,
dann werde ich in Nichts vergehn!
Ihr Welten, endet euren Lauf!
Ew'ge Vernichtung, nimm mich auf!

Tímaskeiðið er á enda Úr „Hollendingnum fljúgandi“

Hollendingurinn:

Tímaskeiðið er á enda, og aftur eru liðin
sjö ár. — Fullt óbeitar hefur hafið
kastað mér á land ... Ha! Drambláta haf!
Innan skamms skaltu aftur bera mig á báru!
Þín þrjóska er sveigjanleg — en mín kvöl er eilíf!
— Hamingjuna sem ég leita að á landi
mun ég aldrei finna! — Yður, straumar úthafsins,
verð ég tryggur þar til síðasta aldan yðar
brotnar og síðasta vætan yðar þornar upp! —
— Hve oft steypiti ég mér altekinn af þrá
í mesta regindjúp hafsins: —
En allt fyrir ekki! Dauðann fann ég ekki!
Þangað, sem er ógnvænlegur grafreitir skipa,
beindi ég skipi mínu á klettagrynningar: —
En til einskis: Gröf mín vildi ekki lokast. —
Með háðsglósum skoraði ég á sjóræningjann
og vænti dauðans í trylltum bardaga:
„Hingað“, hrópaði ég „syndu hvað þú getur!
Skip og bátur eru full af fjársjóðum!“ —
En æ! Villimannlegur sonur hafsins
krossar sig í hræðslu og flýr á braut.
Hve oft steypiti ég mér altekinn af þrá
í mesta regindjúp hafsins:
Þangað, sem er ógnvænlegur grafreitir skipa,
beindi ég skipi mínu á klettagrynningar:
Hvergi fann ég gröf! Aldrei dauðann!
Þetta er ógnarboðorð fordæmingarinnar. —
Ég spyr þig, vegsamaði engill drottins,
sem ávannst mér skilyrðið fyrir hamingju minni.
Var ég vansæll leiksoppur hæðni þinnar,
þegar þú bentir mér á endurlausn mína? —
Fánýta von! Skelfilegu hégómlegu hugarórar!
Eilíf trúfesti á jörðu — slíkt er af og frá! —
Aðeins eina von skal ég varðveita,
aðeins ein skal óhöggugu standa:
Hversu lengi sem jörðin skýtur upp frjóöngum
þá hlýtur hún samt að líða undir lok.
Dómsdagur! Hinn efsti dagur!
Hvenær brýzt þú inn í náttmyrkur mitt!
Hvenær drynur reiðarslag tortímingarinnar,
þegar veröldin brestur sundur?
Þegar allir dauðir rísa upp,
þá verð ég að engu!
Þér heimar, endið yðar för!
Eilífa tortíming, taktu við mér!

Leb' wohl
„Wotans Abschied“ úr „Die Walküre“

Wotan:

Leb' wohl, du kühnes,
herrliches Kind!
Du meines Herzens
heiligster Stolz!
Leb' wohl! leb' wohl! leb' wohl!
Muß ich dich meiden,
und darf nicht minnig
mein Gruß dich mehr grüßen;
sollst du nun nicht mehr
neben mir reiten,
noch Met beim Mahl mir reichen;
muß ich verlieren
dich, die ich liebe,
du lachende Lust meines Auges:
ein bräutliches Feuer
soll dir nun brennen,
wie nie einer Braut es gebrannt!
Flammende Glut
umglühe den Fels;
mit zehrenden Schrecken
scheuch' es den Zagen;
der Feige fliehe
Brünnhildes Fels!
Denn Einer nur freie die Braut,
der freier als ich, der Gott!

Der Augen leuchtendes Paar,
das oft ich lächelnd gekos't,
wenn Kampfeslust
ein Kuß dir lohnte,
wenn kindisch lallend
der Helden Lob
von holden Lippen dir floß:

Vertu sæl
Kveðja Óðins úr „Valkyrjunn“

Óðinn:

Vertu sæl, þú djarfa,
dásamlega barn!
Þú helgasta stolt
hjarta míns!
Vertu sæl! Vertu sæl! Vertu sæl!
Þótt ég verði að forðast þig,
og megí ekki lengur heilsa
þér með ástarkveðju;
þótt þú megir ekki lengur
ríða við hlið mér,
né rétta mér mjöð við máltíðir:
þótt ég verði að missa
þig, sem ég elska,
þú hlæjandi fögnuður auga míns:
þá skal brúðareldur
brenna kringum þig,
eins og engri brúði hefur brunnið!
Logandi glóð
skal glóa umhvefis klettinn;
með eyðandi ógn
skal hún hræða hugleysingjann;
skræfan skal flýja
klett Brynhildar!
Sá einn skal frelsa brúðina
sem er frjálsari en ég, guðinn!

Augun tvö ljómandi,
sem ég hef oft gælt brosandí við,
þegar baráttuviljinn
var launaður með kossi,
þegar barnsleg lofsyrði
um hetjurnar
flæddu þér af fögrum vörum:

dieser Augen strahlendes Paar,
 das oft im Sturm mir gegläntzt,
 wenn Hoffnungssehnen
 das Herz mir sengte,
 nach Weltenwonne
 mein Wunsch verlangte,
 aus wild webendem Bangen:
 zum letzten Mal
 letz' es mich heut'
 mit des Lebewohles
 letztem Kuß!
 Dem glücklichen Manne
 glänze sein Stern:
 dem unseligen Ew'gen
 muß es scheidend sich schließen.
 Denn so kehrt
 der Gott sich dir ab,
 so küßt er die Gottheit von dir!

Loge, hör'!
 lausche hieher!
 Wie zuerst ich dich fand,
 als feurige Gluth,
 wie dann einst du mir schwandest,
 als schweifende Lohe;
 wie ich dich band,
 bann' ich dich heut'!
 Herauf, wabernde Lohe,
 umlod're mir feurig den Fels!
 Loge! Loge! Hieher!

Wer meines Speeres
 Spitze fürchtet
 durchschreite das Feuer nie!

Richard Wagner

Þessi tvö geislandi augu,
 sem leiftruðu oft til mín í storminum,
 þegar vonarlöngun
 sveið hjarta mitt,
 og óskir mínar
 þráðu veraldarsælu,
 þótt villtur ótti væfist um hug minn:
 megi þau endurnæra mig
 í síðasta sinn í dag
 með síðasta kossi
 kveðjuorðanna!
 Megi stjörnur þeirra
 ljóma hinum giftusama manni;
 hinum ógæfusama og eilífa
 verða þau að lokast að skilnaði.
 Því að þannig snýr
 guðinn sér frá þér,
 þannig kyssir hann guðdóminn af þér!

Loki, heyrðu!
 Hlustaðu vel!
 Eins og ég fann þig fyrst
 sem logandi glóð,
 eins og þú hvarfst mér einu sinni
 sem svífandi logi;
 eins og ég batt þig
 fjötra ég þig núna!
 Hingað, blaktandi vafurlogi,
 logaðu leiftrandi um klettinn!
 Loki! Loki! Hingað!

Sá sem óttast
 spjótsodd minn
 skal aldrei komast gegnum þennan eld!

Reynir Axelsson þýddi

*Kvika eignastýring veitir albliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Hekla Finnsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Joanna Bauer
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Þórarinn Már Baldursson
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Þórhildur Magnúsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir

Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Andrei Krivenko
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Emilía Rán Benediktsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammin

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Vivian Kung

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrun Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

13.09

FÖSTUDAGUR
Kl. 20:00

14.09

LAUGARDAGUR
Kl. 16:00



Tölvuleikjatónlist

Tölvuleikir eru gróskumikill og litskrúðugur geiri menningararlífsins þar sem tónlistin leikur oft en ekki mikilvægt hlutverk. Hún á ríkan þátt í að skapa veröld þar sem leikurinn á sér stað, tónlistin mótar andrúmsloft leiksins og framvindu – og tilfinningalegt ástand spilarans um leið. Tónleikar þar sem símfóníuhljómsveitir leika þekktu og vinsælu tónlist úr tölvuleikjum hafa notið mikilla vinsælda um allan heim síðustu ár og hafa margir tölvuleikjaunnendur beðið þess með mikilli eftirvæntingu að Símfóníuhljómsveit Íslands fetaði í þau fótspor.

Á þessum tölvuleikjatónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands fer hljómsveitin undir stjórn Eímear Noone með okkur í stórkostlegt ferðalag um fjarlæga framtíð, vandasöm völundarhús, töfraheima og hamfaraveröld í gegnum magnaða tónlist úr tölvuleikjum á borð við, Kingdom Hearts, The Last of Us, Fortnite, Civilisation VI, Sea of Thieves, Resident Evil V, Call of Duty: Modern Warfare III og Eve Online.

19.09

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Lise de la Salle leikur Liszt

Franski píanóleikarinn Lise de la Salle kemur nú fram með Símfóníuhljómsveit Íslands í annað sinn, en hún þreytti frumraun sína með hljómsveitinni 2010 þegar hún var rétt liðlega tvítug. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins sagði hana þá hafa „öldungsþroska undir glitrandi virtúósayfirborði æskuhjúps.“ Það eru sannarlega kostir sem nýtast vel í hinum glæsilega fyrsta píanókonserth Franz Liszt en það tók tónskáldið 23 ár að fullvinna konsertinn.

Á tónleikunum flytur hljómsveitin einnig sjöundu símfóníu Antoníns Dvořák, sem er ein sú dramatískasta úr hans smíðju, enda vildi tónskáldið með henni „hreyfa við heiminum,“ eins og hann orðaði það sjálfur. Þótt símfónían væri samin til frumflutnings í Lundúnum er tónmálið þrungið þjóðlegum vísunum, innblásið af hugmyndum samtímamanna hans um sameinað Tékkland. Í upphafi tónleika flytur hljómsveitin verkið Tumblebird Contrails eftir bandaríska tónskáldið Gabriellu Smith frá árinu 2014. Verkið hefur á síðustu árum verið flutt víða um heim, m.a. á tónleikum Nóbelsverðlaunahátíðarinnar í Stokkhólmi á síðasta ári.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

2024 | 2025

Framundan er 75. starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands
og verður því fagnað með sérlega glæsilegri og
fjölbreyttri dagskrá.

Með áskrift að tónleikaröð eða Regnbogakorti tryggir
þú þér besta miðaverðið og öruggt sæti. Sala korta
stendur nú yfir á **sinfonia.is** og í miðasölu Hörpu.

